

































## Tímatafla - Stjörnuríkis

Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
<p>5. og 6. b. klúbbur</p> <p> Lóa og Dagný</p> <p> Glerárskóli</p> <p> 14:30 – 16:00</p> <p> Lokað – Sameiginlegt með Oddeyrarskóla</p>	<p>Félagsmálafræði</p> <p> Katrín</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 13:05 – 14:25</p> <p> Lokað</p>	<p>Tóti</p> <p> Ingó og Alexander</p> <p> Rósenborg</p> <p> 16:00 – 18:00</p> <p> Lokað</p>
<p>7. b. opnun</p> <p> Lóa og Katrín</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 16:15-17:45</p> <p> Opið – Annan hvern þriðjudag</p> <p><b>Byrjar 23. feb.</b></p>	<p>Búi (5.-7. bekkur)</p> <p> Thelma og Katrín</p> <p> Rósenborg</p> <p> 14:30-16:00</p> <p> Lokað</p>	<p>Búi (8.-10. bekkur)</p> <p> Thelma og Bjarki</p> <p> Rósenborg</p> <p> 15:30-17:00</p> <p> Lokað</p>
<p>MiðHús (5.-7. bekkur)</p> <p> Katrín og Alexander</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 17:00 – 18:30</p> <p> Opið - Fyrsti þriðjudagur í mánuði</p>	<p>KK og KVK klúbbar (8.-10. bekkur)</p> <p> Katrín og Alexander</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 19:30 – 21:30</p> <p> Opið</p>	<p>Tóti</p> <p> Ingó og Alexander</p> <p> Rósenborg</p> <p> 16:00 – 18:00</p> <p> Lokað</p>
<p>Opið hús</p> <p> Katrín og Alexander</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 19:30 – 21:30</p> <p> Opið</p>		<p>Anime Manga-klúbbur (8.-10. bekkur)</p> <p> Anna</p> <p> Rósenborg</p> <p> 20:00 – 21:00</p> <p> Opið</p>

 Lokað = Námsráðgjafar í samráði við kennara og foreldra velja inn nemendur sem þurfa á aukinni virkni að halda

 Opið = Opið starf

## Starfsmenn

Katrín Ósk Ómarsdóttir er skipuleggjandinn í hópnum. Hún passar upp á að allir mæti á sína staði á réttum tíma og að allt skipulag sé á hreinu. Skipulagshæfileikana hefur hún úr námi en áður en hún hóf störf í félagsmiðstöðinni Stjórnuríki sem er í Oddeyrarskóla kenndi hún börnum úr Eyjafjarðarsveit allt um stafina, tölurnar og landið. Þegar Katrín er ekki í vinnunni, sem gerist mjög sjaldan, er hún annaðhvort í Crossfit eða hinni vinnunni sinni. Netfang: [katrinosk@akureyri.is](mailto:katrinosk@akureyri.is)

Ólafía Kristín Guðmundsdóttir, sem alltaf er kölluð Lóa er sú nýja í hópnum. Lóa hefur átt heima í þremur borgum, á bráðum þrjú börn og er þetta þriðja starfið hennar eftir að hún útskrifaðist úr HÍ. Lóa er ljóska, ljúf, stundum löt en aldrei leiðinleg! Hún sinnir krökkum á miðstigi í alls konar klúbbum og finnst það alveg ógeðslega gaman! Netfang: [olafiag@akureyri.is](mailto:olafiag@akureyri.is)

Alexander Gunnarsson er litla barnið í hópnum enda varla orðinn tuttuguogfimm! Alexander er alltaf kallaður Lexi og er nú þegar farinn að gera garðinn frægan í Naustaskóla því þar starfar hann sem stuðningsfulltrúi á daginn. Hann uppgötvaði þá hversu frábær fyrirmynd hann er fyrir unglíngana og ákvað því að ná frægð og frama um allt land í vinnu með börnum og unglíngum og ákvað að ganga til liðs við okkar hóp og starfar hann í félagsmiðstöðinni Stjórnuríki sem er í Oddeyrarskóla. Lexi reynir líka stundum að standa á snjóbretti og finnst það voða gaman en hann er farinn að sjá að hæfileikarnir liggja ekki endilega þar. Netfang: [lalexinn@gmail.com](mailto:lalexinn@gmail.com)

Síminn á skrifstofuna er 460-1241.

## Hér eru þeir klúbbar sem eru í boði hjá félagsmiðstöðvunum – 2015-16 (Þorpið)

### LOKAÐIR HÓPAR

#### **Tótahópar:**

Einstaklingarnir eiga það sameiginlegt að tölvunotkun þeirra hefur áhrif á daglegt líf þeirra eins og til dæmis á önnur áhugamál og félagsleg samskipti. Það er hist vikulega. Unnið er með tómskundameðvitund og virka þátttöku. Hópurinn fær kynningu á ýmsum tómskundatilboðum og fær að reyna sig við ýmsar tómsundur. Unnið með viðhorf og líðan. Í boði er fræðsla fyrir þátttakendur og foreldra. Foreldrar þurfa að undirrita leyfi fyrir þátttöku barna sinna og stuðningur foreldra við þátttöku barnsins er mjög mikilvægur. Hópurinn byrjar í október.

**Dúddi:**

Verkefnið er samstarfsverkefni grunnskóla og framhaldsskólanna á Akureyri, félagsmiðstöðva Akureyrar og fjölskyldudeildar Akureyrar. Tilgangur verkefnisins er að efla félagsþroska og styrkja einstaklinga á grunnskólastigi. Markmiðið er að skapa persónulegt samband milli grunnskólanema og framhaldsskólanema (sem eru eldri en 18 ára) undir leiðsögn fagaðila frá félagsmiðstöðvum Akureyrar. Verkefnið stendur frá miðjum október 2015 til loka apríl 2016. Verkefnið felst í því að nemandi úr framhaldsskóla hittir nemanda úr grunnskóla á Akureyri í um það bil 2 klukkustundir á viku. Markmiðið er að auka virkni nemenda í grunnskólanum og efla félagstengsl.

**5. - 6. bekkjarklúbbur:**

Einstaklingar valdir inn í samvinnu við námsráðgjafa grunnskóla með samþykki foreldra. Einstaklingarnir þurfa félagslegan stuðning og styrkingu. Unnið er með samskipti, kynning á fjölbreyttu tómsundastarfi með áherslu á þátttöku og virkni. Hefur mikið forvarnagildi upp á seinni tíma. Tilraunir með þetta hafa gengið vel en hópurinn er myndaður og búin til skipulögð dagskrá af umsjónarmanni.

**Búi - 13-16 ára:**

Búa hópurinn er samstarfsverkefni milli félagsmiðstöðvanna og Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hugmyndin er að auka úrræði fyrir krakka á elsta stigi sem eru greind með einhverfu eða eru á einhverfurófi. Í hópnum eru um 10 einstaklingar og markmiðið er að auka félagsleg tengsl og auka tómsundameðvitund og virkni. Til að skrá barn í þennan hóp þarf að senda inn beiðni á Jón Gest Helgason. Netfang: [jonhelgi@akureyri.is](mailto:jonhelgi@akureyri.is).

**Búi - 10-12 ára:**

Búa hópurinn er samstarfsverkefni milli félagsmiðstöðvanna og Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hugmyndin er að auka úrræði fyrir krakka á miðstigi sem eru greind með einhverfu eða eru á einhverfurófi. Í hópnum eru um 10 einstaklingar og markmiðið er að auka félagsleg tengsl og auka tómsundameðvitund og virkni. Til að skrá barn í þennan hóp þarf að senda inn beiðni á Jón Gest Helgason. Netfang: [jonhelgi@akureyri.is](mailto:jonhelgi@akureyri.is).

**Kjarnahópar - Stelpur og strákar**

Unnið með sértækan vanda.

## **OPIÐ STARF**

### **MiðHús**

MiðHús er opið hús fyrir alla í 5. 6. og 7. bekk og er 1x í mánuði í Oddeyrarskóla, alltaf fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl. 17:00-18:30.

### **7. bekkjaropnun**

Opið hús fyrir 7. bekk. Tilgangurinn með þessari opnun er að kynna nemendum í 7. bekk fyrir félagsmiðstöðvarstarfinu. Opnunin er annan hvern þriðjudag frá kl. 16:15-17:45. Dagskrá er gerð fyrir hvert skiptið þar sem boðið er upp á fjölbreytta og skemmtilega leiki.

### **Kvöldopnanir fyrir 8.-10. bekk**

Á þriðjudagskvöldum er opið hús í Stjörnuríki - Oddeyrarskóla frá kl. 19:30-21:30. Unglingarnir sem eru í félagsmálafræðivalinu útbúa dagskrá sem er gefin út, þetta eru viðburðir eins og kappát, spurningakeppni, spilakvöld og þess háttar.

### **Stelpu- og strákaklúbbar fyrir 8.-10. bekk**

Blanda af umræðum og skemmtun og er opið öllum sem vilja í 8.-10. bekk. Dæmi um viðburði er umræða um staðalímyndir, kynlíf, vináttu, bakstur og júdó. Markmiðið er að efla sjálfsmynd unglunga og auka tómstundameðvitund þeirra. Í Stjörnuríki - Oddeyrarskóla er opnunin á miðvikudagskvöldum frá kl. 19:30-21:30.

### **Animeklúbburinn fyrir 8.-10. bekk**

Þeir sem hafa áhuga á Anime teiknimyndasögnum eiga ekki að láta þennan klúbb fram hjá sér fara. Hann er alla fimmtudaga í Rósenborg frá kl. 20:00.

### **Katrín Ósk**

**Forvarnar- og félagsmálaráðgjafi**

s. 460-1241/868-3846

[katrinosk@akureyri.is](mailto:katrinosk@akureyri.is)

[www.rosenborg.is](http://www.rosenborg.is)

Rósenborg|Skólástíg 2|600 Akureyri